


11. febrúar 2015

## Snjóhengjan minnkar um 12 milljarða

Síðasta tilkynnta gjaldeyrisútboð Seðlabankans fór fram í gær og voru niðurstöðurnar um margt áhugaverðar. Seðlabankinn rýmkaði heimildir í aðdraganda útboðsins og leyfði nú í fyrsta sinn þátttöku erlendra aðila sem eiga krónur hérlendis vegna útgreiðslu forgangskrafna í innlend þrotabú. [Samkvæmt mati Greiningardeilda](#) bættust þar við allt að 24 ma.kr. sem höfðu heimild til þátttöku og gerðum við því ráð fyrir að þátttakan gæti orðið nokkuð meiri en í undanförunum útboðum.

Raunar var þátttakan í útgönguleggnum, þ.e. ópolinmóðir krónueigendur sem vildu fá evrur í skiptum fyrir krónurnar, enn meiri en við áttum von á. Tilboð bárust fyrir 57,9 ma.kr. en það er næsthæsta upphæð sem borist hefur frá upphafi útboðanna í júní 2011 og álíka há upphæð og í seinustu fimm útboðum þar á undan samanlagt. Í inngönguleggnum, þ.e. þolinmóðir evrueigendur á leið inn í landið, bárust aftur á móti aðeins tilboð fyrir 12,2 ma.kr., sem er engu að síður stærsta upphæð frá því í mars 2012. Ekki var öllum tilboðum í ríkisverðbréfaleiðina tekið en alls hlutu 11,8 milljarðar af kvikum krónum útgöngu í útboðinu í gær. Minnkaði því snjóhengjan svokallaða sem því nemur.




Heimildir: Seðlabanki Íslands, Greiningardeild Arion banka

Í þetta sinn ákvað Seðlabankinn þrjú mismunandi gengi. Þeir sem komu inn í gegnum ríkisverðbréfaleiðina fengu 178 krónur fyrir hverja evru, en þeir sem komu inn í gegnum fjárfestingarleiðina fengu 195 krónur á evru. Þeir síðarnefndu þurfa reyndar að kaupa krónur á álandsgengi fyrir helminginn af þeim evrum sem þeir koma með inn í landið í gegnum fjárfestingarleiðina og fá því meðalgengið 172 krónur eða svo. Þeir sem vildu út með sínar krónur þurftu aftur á móti að greiða 200 krónur fyrir hverja evru.


Munurinn á útboðsgengi útgönguleggs og álandsgengi jókst töluvert að þessu sinni og var um 25% í útboðinu í gær en hafði minnkað jafnt og þétt fram að því og var komið niður í um 15% í útboðinu í september 2014. Ýmsar hugsanlegar ástæður eru fyrir þessu. T.a.m. var nú um síðasta tilkynnta gjaldeyrisútboð bankans að ræða og þó að það hafi einnig verið tilfellið í september var nú sérstaklega tekið fram að þetta væri í seinasta skipti sem boðið yrði upp á fjárfestingarleiðina í núverandi mynd. Frá því í útboðinu í september hafa einnig komið fram hugmyndir í fjölmiðlum um nokkuð háan útgönguskatt á fjármagn sem leitar úr landi. Hugsanlega búast krónueigendurnir því við því að neyðast til að veita enn meiri afslátt af sínum krónum sækist þeir eftir útgöngu eftir losun fjármagnshafta. Fyrir utan það var fleiri þátttakendum heimilað að leggja fram tilboð að þessu sinni og því meiri samkeppni um evrurnar. Einnig mætti leiða að því líkur að vegna yfirvofandi fréttu af afnámi hafta hafi evrueigendur þurft meiri afslátt af genginu en ella til að vera tilbúnir að festa sig hér á landi til fimm ára eins og reglur útboðanna kveða á um.

## Útboðsgengi

- króna gagnvart evru



## EURISK




Heimildir: Seðlabanki Íslands, Bloomberg, Greiningardeild Arion banka

Stjórnvöld hafa ýjað að því að brátt sé að vænta stórra tíðinda í afnámi hafta og því hefði verið ákjósanlegt að sjá fleiri ópolinmóðar krónur komast úr landi í ljósi þess hversu há heildarupphæð tilboða í útgönguleggnum var. Heildarupphæð tilboða nam um 19% af kvikum krónueignum erlendra aðila, en aðeins náðist að hleypa 20% af þeim tilboðum eða um 4% af snjóhengjunni úr landi. Vonir stóðu jafnvel til að Seðlabankinn stigi sjálfur inn í og slægi tvær flugur í einu höggi - hleypti a.m.k. broti af þeim krónum sem ekki hlutu útgöngu í þetta sinn út fyrir sínar eigin evrur og hagnaðist á gengismuninum um leið. En sú varð ekki raunin, enda er skv. upplýsingum Seðlabankans markmið bankans að útboðin hafi sem minnst áhrif á gjaldeyrisforðann.

Ekki hefur verið tilkynnt um frekari gjaldeyrisútboð af hálfu Seðlabankans, en nú þegar hefur tekist að minnka snjóhengjuna um 158 ma.kr. fyrir tilstilli þeirra og einnig hefur verið létt verulega á afborgunarferli erlendra skulda þjóðarbúsins með lengingu Landsbankabréfsins. Hagkerfið virðist vera í nokkuð góðu jafnvægi um þessar mundir og sú ógn sem stafar af krónueignum erlendra aðila hefur minnkað til muna undanfarin ár. Því væri óskandi að fréttir af stórum skrefum í afnámi hafta bærust sem allra, allra fyrst.


### Skammtímakrónueignir erlendra aðila

-stabbinn m.v. október 2014, ma.kr.



### Minnkun snjóhengju

- uppsöfnuð útganga í útboðum, ma.kr.



Heimildir: Seðlabanki Íslands, Greiningardeild Arion banka

## Greiningardeild Arion banka

Anna Hrefna Ingimundardóttir  
anna.ingimundardottir@arionbanki.is

Hrafn Steinarsson  
hrafn.steinarsson@arionbanki.is

Elvar Ingi Möller  
elvar.moller@arionbanki.is

Stefán Broddi Guðjónsson  
stefan.gudjonsson@arionbanki.is

## Forstöðumaður

Regína Bjarnadóttir  
regina.bjarnadottir@arionbanki.is  
444-6969